

Á þessu blaði og næsta eru leiðbeiningar um úthreinsun sem er nauðsynlegur undirbúningur fyrir

Tölvusneiðmynd af ristli

Mæta í rannsókn dags: _____ kl: _____

Frábendingar: Þungun. Lesið einnig leiðbeiningarnar sem fylgja Moviprep.

Með þessu blaði á að fylgja

- 1 pakki MOVIPREP sem inniheldur 4 poka með dufti til að blanda í vatn.
- 1 glas Omnipaque 300, 50 ml.
- Leiðbeiningar um blöndun og notkun eru á næsta blaði.

Ef þú ert með ofnæmi fyrir joðskuggaefni og/eða ert á sykursýkislyfjum, láttu okkur vita áður en undirbúningur hefst.

Undirbúningur hefst 2 dögum fyrir rannsókn

Fylgið leiðbeiningunum á næstu blaðsíðu,
gott að merkja við það sem er búið jafnóðum

Við mælum með því að í viku fyrir rannsókn forðist þú trefjar, gróf fræ, kíví og annað grófmæti. Takir þú járntöflur skaltu gera hlé á því.

Tært fljótandi fæði í tvo sólarhringa fyrir tölvusneiðmynd

Tært fljótandi fæði er til dæmis vatn, tærar súpur, ávaxtasafar án aldinkjöts, ávaxtahlaup (jello), gosdrykkir, svart kaffi og te. Athugið að **ekki** má drekka mjólk, rjóma eða gervirjóma, og ekki neyta fastrar fæðu. Það er mikilvægt að líkaminn fái nægan sykur og því er best að forðast sykurlausa drykki.

Framkvæmd rannsóknar:

- Rannsóknin tekur um 20 mínútur. Fara þarf úr öllum fötum og í slopp áður en rannsókn hefst.
- Þú leggst á vinstri hlið og dregur að þér hnén, settur er upp stautur í endaparm (stólpípa) sem þarf að reyna að halda inni meðan á rannsókn stendur. Lofti er pumpað inn um stautinn í endaparminum til þess að víkka ristilinn. Þú leggst á bakið og liggur þannig fyrri hluta rannsóknarinnar, og þarft síðan að leggjast á grúfu í nokkrar mínútur.
- Gefið er lyf í æð sem slakar á ristlinum og minnkar þarmahreyfingar.
- Notað er tölvusneiðmyndaæki sem sendir röntgengeisla gegnum líkamann.

Niðurstöður:

Að myndatöku lokinni er rannsóknin metin af röntgenlækni með tví- og þrívíddar myndum í sérstöku tölvuforriti. Niðurstaða er send tilvísandi lækni daginn eftir.

Ítarlegar leiðbeiningar

Það er mjög mikilvægt að fylgja leiðbeiningunum í hvívetna. Gott er að merkja við það sem búið er jafnóðum. Öll lyf á að taka eins og venjulega, en það getur þurft að aðlaga tímasetningar, sjá hér neðar.

Dagur 1

- Tært fljótandi fæði
- Drekkja minnst 2líttra á sólarhringnum

Dagur 2

Áfram tært fljótandi fæði. Þeir sem vanir eru að taka lyf seinnipartinn ættu að gera það annað hvort einni klukkustund áður en Moviprep er drukkið, eða einni klukkustund eftir að því er lokið.

Skuggaefnisblanda - Omnipaque blandað

Blandið 50 ml af Omnipaque 300 í 800ml af vatni. Hristið eða hrærið vel. Nú er skuggaefnisblandan tilbúin. Geymið í kæli og drekkið eftir leiðbeiningunum hér neðar. Hrærið eða hristið alltaf áður en hellt er í glas.

Moviprep blandað

Setjið innihaldið úr einum poka A og einum poka B í ílát, bætið við 1líttra af vatni og hrærið þar til lausnin er því sem næst tær. Þyki blandan bragðvond getur hjálpað að drekkja hana kalda og með röri. Brjóstsykur getur einnig hjálpað.

- _____ Fyrir klukkan 9 skaltu neyta að minnsta kosti 250ml af tærri fljótandi fæðu og drekkja 200ml af skuggaefnisblöndu.
- _____ Um kl. 12 skaltu neyta að minnsta kosti 250ml af tærri fljótandi fæðu og drekkja 200ml af skuggaefnisblöndu.
- _____ Kl. 13: Drekkja 200ml af skuggaefnisblöndu
- _____ Frá 14 til 15: Drekkja 500ml af vatni
- _____ Kl. 16: 200ml af tærri fljótandi fæðu og 200ml af skuggaefnisblöndu.
- _____ Kl. 17: Byrjaðu að drekkja fyrri skammtinn af Moviprep og drekkja 100ml á 10mín fresti.
- _____ Frá kl. 20 til 22: Drekktu 500ml af vatni.

Dagur 3, rannsóknardagur

Þeir sem vanir eru að taka lyf að morgni ættu að gera það annað hvort einni klukkustund áður en Moviprep er drukkið, eða einni klukkustund eftir að því er lokið.

- Kl. _____ (4 tímum fyrir rannsókn): Byrja að drekkja seinni Moviprep blönduna og drekkja 100ml á 10mín fresti.
- Kl. _____ (hálf tíma fyrir rannsókn): Drekkið amk 250ml af tærum sykrudum drykk.
- Takið gjarnan með eitthvað létt, t.d. banana eða orkudrykk til að neyta strax eftir rannsókn.